

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 13. október 2020

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald, skattalegt heimilisfesti, tollafgreiðsla, bifreiðagjald, aukatekjur ríkissjóðs o.fl.)

Samtök atvinnulífsins (SA), hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 6. október sl.

Í áformunum eru kynntar fyrirhugaðar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld sem rekja má til stöðugleikaaðgerða ríkisstjórnarinnar. Hluti breytinganna felur í sér tímabundna lækkun tryggingagjalds. Að mati SA er um að ræða jákvæða breytingu. SA styðja stefnu sem felst í því að sporna gegn atvinnuleysi og skapa störf en lækkun tryggingagjalds er mikilvægur þáttur í því.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir